

Rnes ehf
Reykjanesi
401 Ísafjörður

Reykjavík, 8. október 2018
Tilvísun: OS2018050009/50.4.4
Verknúmer: 1093000

Efni: Fylgibréf með leyfi til nýtingar á jarðhita í landi Reykjaness, vegna þarfa hitaveitu fyrir ferðajónustuna í Reykjanesi, Rnes ehf., við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurhreppi

Þann 8. maí 2018 barst Orkustofnun umsókn Ferðajónustunnar Reykjanesi, Rnes ehf., kt. 440497-2259, hér eftir nefnd leyfishafi, ásamt fylgiskjölum um nýtingarleyfi á jarðvarma í landi Reykjafjarðar í Súðavíkurhreppi á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, auðlindalaga.

Viðbótarupplýsingar bárust Orkustofnun þann 31. ágúst 2018, að ósk Orkustofnunar, eftir vettvangsferð fulltrúa hennar þann 28. ágúst 2018.

Málavextir

Hitaveita hefur verið starfrækt á Reykjanesi við Djúp frá árinu 1934, við stofnun héraðsskóla þar af viðkomandi sveitarfélögum við Ísafjarðardjúp. Við skólann var starfrækt gegnumstreymlaug sem notar nú um 6 l/s við bestu skilyrði en um 12 l/s þegar kalt er í veðri. Árleg meðalvatnstaka á svæðinu er áætlað um 9 l/s á lóð umsækjanda á Reykjanesi. Sótt er um 9,01 l/s meðalnýtingu á ársgrundvelli og 12 l/s hámarksnýtingu samkvæmt umsókninni, úr nýtingarsvæði sem afmarkað er með hnitudum í umsókn. Hitastig vökvans er um 97°C.

Skilgreint nýtingarsvæði er samkvæmt umsókn leyfishafa, á svæði í eigu Ísafjarðarbæjar, landeiganda jarðarinnar Reykjaness við Ísafjarðardjúp í Súðavíkurhreppi, eins og fram kemur í umsókninni. Lóðin er í aðalskipulagi Súðavíkurhrepps skilgreint sem ferðajónustu- og iðnaðarsvæði. Deilur milli Ísafjarðarbæjar og Orkubús Vestfjarðar, hvor aðili sé lögmætur eigandi jarðhitaréttindin á umræddu svæði, varð til þess að Orkustofnun kannaði sérstaklega hvernig jarðhitaréttindum á umræddu svæði hafi verið varið frá stofnun héraðsskólans árið 1934, með vísan til rannsóknarskyldu sinnar að stjórnsýslurétti, svo málið yrði nægjanlega upplýst svo taka mætti ákvörðun um nýtingarleyfisumsóknina, með vísan til 6. gr. auðlindalaga, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Vikið verður að þeirri rannsókn í bréfi þessu.

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, óskaði Orkustofnun, þann 20. júní 2018, umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Súðavíkurhrepps um fram komna umsókn Rnes ehf.

Með vísan til 14. og 13. gr. stjórnsýslulaga var umsóknin kynnt, þann 20. júní 2018, viðkomandi landeigenda Ísafjarðarbæjar og meints aðila máls, Orkubús Vestfjarða ohf, og leitað umsagna þeirra um umsóknina.

Vakin var athygli á því í bréfi til umsagnaraðila, að samkvæmt 23. gr. auðlindalaga eru gögn sem afhent eru samkvæmt auðlindalögnum bundin trúnaði og voru umsagnaraðilar beðnir um að virða þann trúnað. Þess var óskað að umsagnir bærust Orkustofnun eigi síðar en föstudaginn 10. ágúst 2018. Bærust umsagnir ekki fyrir þann tíma, litil Orkustofnun svo á að ekki væru gerðar athugasemdir við umsóknina. Viðbótarfrestir voru síðar veittir Ísafjarðarbæ og Orkubúi Vestfjarða til 13. september 2018 og svo Orkubúinu enn frekar eða til 21. september 2018.

Sh.R.

Umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands barst Orkustofnun með tölvubréfi þann 8. ágúst 2018. Fram kemur að Reykjanes sé á náttúruminjaskrá nr. 321: *Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Þar séu sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.* Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt til við umhverfis- og auðlindaráðherra að vernda Reykjanes og að það verði sett á framkvæmdaætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Tekið er fram að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segir tillagan því ekkert um hvort ákveðin starfsemi falli að verndartillöggunni eða ekki eða hvort tillagan nái fram að ganga. Nái hún fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina, segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að í gögnum umsóknarinnar *komi ekki annað fram en að nýta eigi þær borholur sem þegar eru til staðar, en jarðhiti á svæðinu hefur verið nýttur til fjölda ára.* Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að jarðhiti sé nýttur áfram á svæðinu, sé það gert á sjálfbærar hátt að mati Orkustofnunar, en leggur mikla áherslu á að nýtingin hafi ekki í för með sér óþarfa rask á náttúru svæðisins s.s. fágætum vistgerðum, eins og myrahveravist, eða plöntutegundum eins og naðurtungu.

Umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 6. júlí 2018 barst Orkustofnun þann 10. júlí 2018. Umhverfisstofnun bendir á að verið sé að skilgreina nýjan rekstraraðila hitaveitu á Reykjanesi. *Vatnstaka verði með sama hætti og tiðkast hefur um nokkurn tíma, segir í brefi Umhverfisstofnunar. Notendur verði sömu og til þessa og mun nýtingarleyfið ekki kalla á frekari framkvæmdir.* Umhverfisstofnun gerir því ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Erindi Orkustofnunar um umsögn Súðavíkurhrepps var tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar þann 10. ágúst 2018. Bókað var: *Sveitarstjórn tekur ekki afstöðu til málsins að svo siðdu.* Með vísan til þess sem fram kemur í umsagnarbeiðni Orkustofnunar þann 20. júní 2018 þess efnis að bærust umsagnir umsagnaraðila ekki fyrir veittan umsagnarfrest, lítur Orkustofnun svo á að Súðavíkurhreppur geri ekki athugasemdir við umsóknina. Samkvæmt 13. Gr. auðlindalaga skal sveitarfélag hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélagini. Er það og niðurstaða Orkustofnunar að sveitarfélagið geri ekki athugasemdir við umsókn Rnes ehf. enda rekur sveitarfélagið ekki sjálft hitaveitu á svæðinu.

Umsögn Juris, lögmannsstofu, Eddu Arnardóttur, lögmanns f.h. landeiganda Reykjanesjarðarinnar, Ísafjarðarbæjar, dags. 13. september 2018, barst Orkustofnun þann dag með tölvubréfi en þann 18. september 2018 með hefðbundnum hætti. Fram kemur í umsögninni að Ísafjarðarbær, sé eigandi nýtingarsvæðisins og þeirra jarðhitaréttinda sem umsóknin lýtur að. Vísað er til þess, að Ísafjarðarbær hafi aflað sér viðbótarupplýsinga hjá umsækjanda beint, án milligöngu Orkustofnunar. Af þeim samskiptum megi ráða að umsækjandi telji sig ekki þurfa að greiða endurgjald fyrir auðlindina, sbr. 7. gr. auðlindalaga. Annars vegar þar sem umsækjandi telur sig jafnvel eiga þær borholur sem Orkubú Vestfjarða hefur krafio hann um greiðslu fyrir nýtingu á og hins vegar á grundvelli afsals, dags. 15. júlí 2003. Þá er tekið fram, þó þessu óviðkomandi, segir í umsögninni, að það sé ágreiningur milli Ísafjarðarbæjar og Orkubús Vestfjarða um eignarhald á jarðhitaréttindum landsvæðisins. Þá er tekið fram að á umræddu svæði séu borholur sem umsækjandi var áður tengdur við og sem hann getur astur tengst gegn gjaldi til Orkubús Vestfjarða, án þess að sveitarfélagið taki afstöðu til þess hvort Orkubúið sé réttur viðtakandi slíkra greiðslu.

Umsagnaraðili bendir á að sótt sé um nýtingarleyfi til 65 ára, en lóðaleigusamningur Ísafjarðarbæjar við umsækjanda sé einungis til ársins [2029]. Þá gerir lögmaðurinn f.h. Ísafjarðarbær fyrirvara um nýtingu í 5. tl. umsóknarinnar [um magn].

Einkum í ljósi óvissu um eignarréttindi á jarðhita, leggst Ísafjarðarbær gegn því að Rnes ehf. sé veitt nýtingarleyfi fyrir rekstur hitaveitu í Reykjanesi, a.m.k. að svo stöddu. Þá bendir umsagnaraðili á í umsögn sinni að ekki verði séð að samkomulag náist milli aðila um endurgjald fyrir auðlindina, sbr. 7. gr. auðlindalaga, meðan ekki hefur verið leyst úr óvissu um eignarhald á jarðhitaréttindum á grundvelli fyrirliggjandi umsóknar. Því beri að hafna umsókn Rnes ehf. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við umsóknina.

Umsögn LEX, lögmannsstofu, Jónasar A. Aðalsteinssonar, lögmanns f.h. Orkubús Vestfjarða ohf. (áður Orkubú Vestfjarða), dags. 8. ágúst 2018, barst Orkustofnun þann dag.

Fram kemur í umsókninni að það sé tilgangur Orkubúsins að eiga og reka orkuver til virkjunar m.a. jarðhita. Tekið er fram að Orkubúið sé og hafi verið *eigandi allra jarðhitaréttinda á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp frá stofnun þess 1977 og formlegur eigandi borholumannvirkja til nýtingar jarðhita frá 28. maí 2001*. Lögmaðurinn fullyrðir í umsókn sinni að *Orkubúið reki hitaveitu á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, i því skyni að veita jarðhitaorku til byggðar í grenndinni gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Orkubúsins*. Tekið er fram að Rnes ehf. hafi, munnlega, óskað efir því að fá ómælda hitaorku frá hitaveitumannvirkjum Orkubúsins til ferðaþjónustureksturs síns á Reykjanesi án greiðslu. Þeirri beiðni hafi verið hafnað. Þá telur umsagnaraðili að umsóknin sé torskilin, misvísandi og beinlínis röng og vísar þá til þess að Ísafjarðarbær sé ekki eigandi jarðhitaréttinda á Reykjanesi, eins og halddið sé fram í umsókninni. Þá komi fram að umsækjandi hyggist ekki ráðast í framkvæmdir, heldur nýta sjálffrennsli jarðhitans á svæðinu og umsóknin sé tilraun til að sniðganga viðskipti við Orkubúið. Lögmaður Orkubúsins bendir á að lagarök Orkubúsins byggi á því að umsókn Rnes ehf., stangist á við efni og markmið ákvæða laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, auðlindalaga. Í þeim lögum sé ekki að finna lagastoð fyrir því að Orkubúið, sem sé 100% í eigu ríkisins, þurfi að una því að einkahlutafélag verði veitt leyfi, vegna atvinnustarfsemi, til að nýta þegar virkjuð jarðhitaréttindi Orkubúsins í eigin þágu. Er þess krafist að umsókn umsækjanda verði hafnað. Verði ekki á það fallist óskar OV eftir því að fá tækifæri til frekari rökstuðnings og kröfuggerðar í málinu.

Leyfishafa, Rnes ehf. voru kynntar fram komnar umsagnir umsagnaraðila og honum gefinn kostur á andmælum sem send voru Orkustofnun með tölvubréfi dags. 31. ágúst 2018. Tekið er fram að Rnes ehf. hafi rekið hitaveitu á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp frá árinu 2002 án aðkomu Orkubús Vestfjarða. Þó var borholutoppur lagfærður árið 2010 á m.a. kostnað Rnes ehf., samanber skýrslu ISOR frá 26. maí 2010 en Orkubú Vestfjarða hafi einnig komið að kostnaði vegna þess að *þeir sögðust vera eigendur borholu* sem forstöðumaður Rnes ehf. kvaðst hafa trúao á þeim tíma, en engin gögn voru þá lögð fram því til staðfestingar af Orkubúinu. Vísað er til afsals dags. 15. júlí 2003 þar sem Rnes ehf. eignast allar eignir fyrrum héraðsskólans á Reykjanesi ásamt öllu sem því fylgir og fylgja ber. Það á m.a. við um jarðhita „eftir þörfum stofnunarinnar“ eins og áður sagði í afsali til skólans frá árinu 1940 sem fylgdi bréfinu.

Þá vísar leyfishafi, Rnes ehf. til afsals dags. 3. september 2007, þar sem leyfishafi eignast frá Byggðastofnun allar eignir fiskeldisstöðvarinnar Íslax hf. á Reykjanesi en fiskeldisstöðin létt bora eftir jarðhita árið 1984 og 1987 á sinn kostnað á Reykjanesi í samræmi við 2 gr. samnings frá 26. febrúar 1988, milli Íslax hf og Ísafjarðarbæjar. Umrædd borhola sem nýta á er í leigulandi landi Héraðsskólans, nú leyfishafa og er því eign Rnes ehf. en ekki Orkubúsins, eins og fram kemur fram í bréfi leyfishafa til Orkubúsins 22. ágúst 2018. Í ljósi þessara gagna/eignaheimilda sinna, er því mótmælt að Orkubú Vestfjarða eigi nokkrar eignir á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp ef frá eru talin rafveitumannvirkir, en hvorki jarðhitaréttindi, borholur né önnur mannvirkir er tilheyra hitaveitunni. Þá hefur Orkubúið hvorki rekið þar hitaveitu né hefur til þess sérleyfi svo vitað sé. Bréfinu fylgdu; afsal dags. 6/2 1940, samningur dags. 26/2 1988, afsal dags. 15/7 2003, grunnleigusamningur dags. 10/6 2002, afsala dags. 3/9 2007, grunnleigusamningur dags. 25/9 2007, skýrla ÍSOR dags. 26/5 2010 og bréf til Orkubús Vestfjarða dags. 22/8 2018.

Með tölvubréfi Orkustofnunar þann 3. september 2018, til LEX lögmannstofu, Jónasar. A. Aðalsteinssonar lögmanns f.h. Orkubúsins voru andmæli leyfishafa, dags. 31. ágúst 2018, við umsögn Orkubús Vestfjarða ohf. dags. 8. ágúst 2018, ásamt áðurnefndum fylgiskjolum send lögmanninum. Þar sem umrædd gögn fóru að efni til verulega gegn málstæðum og fullyrðingum Orkubúsins, eins og þau voru kynnt Orkustofnun taldi stofnunin mikilvægt að kalla eftir og veita Orkubúinu frest til 13. september 2018 til að bregðast við andmælum leyfishafa. Að ósk lögmannsins var sá frestur Orkubúsins framlengdur til 21. september 2018. Sérstaklega var þess getið í tölvubréfi Orkustofnunar til LEX, að mikilvægt væri, að mati Orkustofnunar, að Orkubúið legði fram gögn/löggerninga um eignarheimildir sínar að jarðhita á Reykjanesi og forgang Orkubúsins, eftir atvikum sérleyfi þess, fyrir rekstur hitaveitu á Reykjanesi við Djúp, sbr. V. kafli orkulaga nr. 58/1967 um hitaveit.

Andmæli bárust frá Orkubúi Vestfjarða þann 20. september 2018 ásamt viðbótargögnum, m.a. löggerningar um heimildir Orkubúsins að mati þess; afsal Ísafjarðarbæjar til Orkubús Vestfjarða dags. 1. desember 1978 og samningur milli aðila frá sama tíma. Samnirður um ráðstöfun og hagnýtingu jarðhita á Reykjanesi frá 22. ágúst 1984. Blaðagrein um Orkubú Vestfjarða frá 1986, Bréf Byggðastofnunar til Ferðaþjónustunnar á Reykjanesi frá 8. júní 2000, bréf Ísafjarðarbæjar til Byggðastofnunar frá 20. júní 2000 um eignarétt Orkubús Vestfjarða að orkuréttindum á Reykjanesi. Bréf byggðastofnunar til Orkubús Vestfjarða, dags. 19. september 2000 um borholur á Reykjanesi og afsal Byggðastofnunar á 3 borholum á Reykjanesi til Orkubús Vestfjarða, dags. 28. maí 2001.

Fram kemur í andmælum lögmanns Orkubús Vestfjarða, að jarðhitaréttindi til Héraðsskólans í Reykjanesi, samkvæmt afsali frá 1937 hafi fallið til eigenda hans þegar skólinn var lagður niður 1991, en þá hafi Orkubú Vestfjarða verið orðinn eigandi réttindanna, samkvæmt samkomulagi við Ísafjarðarbæ frá 1984. Er því mótmælt að Rnes ehf. sé eigandi jarðhitaréttinda og borholna og vísað um það til umrædds samkomulags afsals Byggðastofnunar til Orkubús Vestfjarða. Þess er krafist að leyfisumsókninni verði hafnað.

Málsástæður og lagarök Orkustofnunar.

1. Um jarðhitaréttindi að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp

Fram kemur í umsögn Ísafjarðarbæjar, að bærinn sé eigandi nýtingarsvæðisins og þeirra jarðhitaréttinda sem umsóknin lýtur að. Þá er tekið fram að ágreiningur sé milli Ísafjarðarbæjar og Orkubús Vestfjarða um eignarhald á jarðhitaréttindum landsvæðisins. Ekki liggr fyrir í hverju sá ágreiningur liggr að öðru leyti en að hann sé.

Orkubú Vestfjarðar fullyrðir í umsögn sinni að félagið sé og hafi verið eigandi allra jarðhitaréttinda á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp frá stofnun þess 1977 og formlegur eigandi borholumannvirkja til nýtingar jarðhita frá 28. maí 2001.

Orkustofnun tekur ekki afstöðu til réttarágreinings Ísafjarðarbæjar og Orkubús Vestfjarða ohf., heldur einungis fyrirliggjandi gagna, laga, löggerninga og þeirra annarra réttarheimilda sem málið varða þannig að umsókn leyfishafa sé metin á hlutlægan hátt, að vegnum umsögnum lögbundinna umsagnaraðila og aðila mál að stjórnsýslurétti, þannig að málið sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin um leyfisveitinguna, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Með vatnalögum nr. 15/1923 er kveðið á um að landeiganda sé rétt að hagnýta jarðhita, sbr. 10. og 9. gr. laganna eins og þau voru upphaflega án síðari breytinga. Lög um eignar- og notkunarrétt jarðhita nr. 98/1940 kveðið á um það með beinum hætti að landareign hverri fylgi réttur til umráða og

hagnýtingar jarðhita, sbr. 1. gr. þeirra laga og að óheimilt sé landeigenda að undanskilja landeign sinni jarðhitaréttindi. Þá er í 9. gr. orkulaga nr. 58/1967 tekið fram að *landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareignninni*, með þeim takmörkunum sem lögin greina. Ísafjarðarbær er landeigandi jarðarinnar að Reykjanesi. Samkvæmt 3. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, auðlindalaga, fylgir eignarréttur á auðlindum í jörðu eignarlandi. Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Þó svo Ísafjarðarbær sé sveitarfélag, þá er það í þessu máli, landeigandi eins og hver annar jarðeigandi í Súðavíkurhreppi, sem má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Ef frá eru talið afsal Ísafjarðarbæjar á jarðhita eftir þörfum til héraðsskólans í Reykjanesi árið 1937, þ.e. fyrir gildistöku laga 98/1940, eru engin gögn í þessu málínu sem benda til annars en að landeigandi, Ísafjarðarbær, sé einn eigandi annarra jarðhitaréttinda að jarðarinnar Reykjanes við Ísafjarðardjúp.

Samkvæmt afsali Ísafjarðarbæjar til Orkubús Vestfjarða frá 1978 veitir Ísafjarðarbær Orkubúinu rétt til virkjunar jarðhita, en ekki verður séð að jarðhitaréttindunum á Reykjanesi sé afsalað, enda væri slík óheimilt að lögum. Umrædd ráðstöfun er hins vegar í samræmi við 6. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, sem kvað á um að iðnaðarráðherra veiti fyrirtækinu einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem felst í tilgangi fyrirtækisins og að Orkubúið haldi þeim einkarétti til dreifingar og sölu heits vatns sem sameignarfélagið hafði áður. Ekki liggur fyrir í máli þessu að Orkubú Vestfjarða hafi sem sameignarfélag rekið hitaveitu í Reykjanesi við gildistöku laganna né síðar frá árinu 1976 þó svo starfsvæði félagsins sé m.a. Súðavíkurhreppur. Hvorki Súðavíkurhreppur né félag á þess vegum rekur þar hitaveitu. Til að taka af allan vafa um réttarstöðu þeirra er við gildistöku laganna ráku orkumannvirki á starfssvæði Orkubús Vestfjarða, samkvæmt lögum nr. 66/1976, er kveðið á um að þeir skuli halda þeim rétti sínum sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Hvorki lög um Orkubú Vestfjarða né afsal Ísafjarðarbæjar til Orkubús Vestfjarða frá 1978 skerða þann rétt.

Það er forsenda Orkustofnunar í máli þessu að Ísafjarðarbær sé eigandi jarðhitaréttinda á jörðinni Reykjanes við Ísafjarðardjúp, með fyrirvara um, eftir atvikum, niðurstöðu einkaréttarlegs eðlis milli Ísafjarðarbæjar og Orkubús Vestfjarða ohf. Nýting auðlinda úr jörðu, þ.m.t. jarðhita í einkalöndum, er háð leyfi Orkustofnunar sbr. 6. gr. auðlindalaga. Það er á grundvelli ákvæða auðlindalaga sem sú málsméðferð er hér um ræðir tekur mið af í meginatriðum. Landeigandi getur sjálfur látið rannsaka auðlindir í landi sínu á sínum vegum, eða fengið aðra til þess. Landeigandi hefur hins vegar ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi. Engu slíku leyfi er til að dreifa.

2. Eign á borholu RN-01

Samkvæmt borholuskrá Orkustofnunar, önnuðust Jarðboranir hf. borun holu til heitavatnsöflunar í desember árið 1984 á Reykjanesi, holu RN-01 (auðkennnisnúmer 39711), fyrir Íslax hf. sem var verkkaupi. Jarðhitaholan er á lóðamörkum héraðsskólans, nú lóðar Rnes ehf. Skráin er í samhljómi við samning Ísafjarðarbæjar og Íslax hf. frá 26. febrúar 1988 vegna fiskeldis á Reykjanesi. Samningurinn gerir ráð fyrir að Íslax hf. ábyrgist, að í engu raskist það heitavatnsrennsli eða það hitamagn sem Ísafjarðarkaupstaður, *hefur þegar ráðstafað skólanum* í Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að gerður verði samningur um endurgjaldi fyrir heita vatnið fimm árum eftir að Íslax hf. hefji nýtingu vatnsins. Sá samningur, hafi hann verið gerður, liggur ekki fyrir í máli þessu.

Eftir rekstarstöðvun fiskeldisstöðvarinnar, eignast Byggðastofnun eignir Íslax hf. Með afsali dags. 3. september 2007 afsalar Byggðastofnun fiskeldisstöðinni með öllum mannvirkjum hennar til leyfishafa, Rnes ehf. Ekki verður séð á annan hátt af þeim löggerningum sem málið varða, en að umrædd borhola merkt RN-01 í borholuskrá Orkustofnunar, sé mannvirki í tengslum við fiskeldisstöðina í upphafi, boruð af Íslaxi hf. og forsenda starfsemi þess félags, sem leyfishafi gerir tilkall til. Fyrir liggur hins vegar afsal Byggðastofnunar á þremur borholum á Reykjanesi til Orkubús Vestfjarða, dags. 28. maí 2001.

Samkvæmt þeim liggur fyrir að álita eigi að Orkubú Vestfjarða sé lögmætur eigandi borholunar RN-01. Umræddum borholum fylgir þó ekki nýtingarheimild á jarðhita, en samkvæmt afsalinu er Orkubúið eigandi mannvirkjanna. Þær eru ekki nýttar. Ekki verður séð að Orkubúið hafi gætt meðalhófs við að rjúfa tengingu leyfishafa, Rnes ehf. við umrædda holu, né læsa aðgengi hans að borholunni í þeim ástengi að efna til viðskipta félagsins við Orkubúið samkvæmt gjaldskrá þess sem *eiganda allra jarðhitaréttinda á Reykjanesi* við *Ísafjarðardjúp frá stofnun þess 1977 eins og Orkubúið heldur fram.* Æskilegt væri, að mati Orkustofnunar, að samkomulag næðist um notkun holunnar milli leyfishafa og Orkubúsins, svo forðast megi óþarfa jarðrask á nýtingarsvæðinu með, eftir atvikum, nýrri borholu.

3. Um Orkubú Vestfjarða sem rekstaraðila hitaveitu í Reykjanesi

Árið 1976 samþykkti Alþingi lög um Orkubú Vestfjarða. Lögin heimiluðu Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum að setja á stofn Orkubú Vestfjarða. Tilgangur fyrirtækisins var að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þótti og var Orkubú Vestfjarða ætlað að eiga og reka orkuver til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkudreifingar. Þá var fyrirtækinu ætlað að eiga og reka jarðvarmavirkjanir og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Í 30. gr. orkulaga nr. 58/1967 er ráðherra veitt heimild til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitum sem annist dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði. Í 6. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, er kveðið á um að iðnaðarráðherra veiti fyrirtækinu einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem felst í tilgangi fyrirtækisins og að Orkubúið haldi þeim einkarétti til dreifingar og sölu heits vatns sem sameignarfélagið hafði áður.

Orkustofnun bendir á að einkaleyfisumsókn hitaveitna til ráðherra skulu fylgja fullnægjandi uppdrættir að fyrirhugaðri hitaveitu, kostnaðaráætlun og rekstraráætlun. Gjaldskrá fyrir viðkomandi svæði skal samþykkt af ráðherra. Einkaleyfi skal því aðeins veita, að ráðherra telji, að fengnu álti Orkustofnunar, að uppdrættir og áætlanir séu tæknilega réttar, hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki, fullnægi hitaþörf svæðisins og að tryggður sé eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa. Þó ætla megi samkvæmt lögum um Orkubú Vestfjarða að ætlun löggjafans hafi verið sú að Orkubúið hefði forgang að einkaleyfum, þá felur sá forgangsréttur ekki í sér eignarheimild á jarðhita eða undanþágu frá reglum um hitaveitum, gjaldskrá þeirra og gagnaskilum sbr. V. kafla orkulaga nr. 58/1967. Orkubú Vestfjarða ohf. hefur ekki lagt fram neina löggerninga um sérleyfi sitt og gjaldskrá fyrir hitaveitu í Reykjanesi, né heldur um meint eignarhald sitt á jarðhita á Reykjanesi.

Samkvæmt rannsókn Orkustofnunar hefur Orkubú Vestfjarða hvorki fengið einkaleyfi til rekstur hitaveitu á Reykjanesi né rekið þar hitaveitu svo vitað sé. Þá kemur ekki fram í gögnum málsins að Súðavíkurhreppur reki hitaveitu í sveitarfélagini, eða félag á vegum þess, sem nytí forgangs að jarðhita vegna þarfa hitaveitunnar, sbr. 13. gr. auðlindalaga. Þá hefur Orkubú Vestfjarða ohf. ekki skilað Orkustofnun neinum gögnum um slíkan rekstur, sem þó bæri að gera, né öðrum gögnum um jarðhita að Reykjanesi á vegum félagsins eða er skráður lögformlegur eigandi lands og/eða jarðhitaréttinda á svæðinu eða fengið þar nýtingarleyfi að lögum. Þó svo væri hefur landeigandi (eigandi jarðhitaréttinda) ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi, sbr. síðari málsliður 1. mgr. 6. gr. auðlindalaga. Orkubú Vestfjarða hefur ekki nýtingarleyfi á Reykjanesi, né hefur fengið útgefið þar rannsóknarleyfi. Þó svo lög um Orkubú Vestfjarða geri ráð fyrir einkaleyfi til þess að starfrækja hitaveitum og annast dreifingu eða sölu heits vatns til almenningsþarfa á tilteknu veitusvæði, þá ryðja þau ákvæði ekki burt öðrum ákvæðum um lögvarinn eignarétt á jarðhita, lögum um nýtingu auðlinda, auðlindalögum og nýtingu sem fyrir er á umræddu svæði, (sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um Orkubú Vestfjarða) og skilyrðum orkulaga um hitaveitum.

Orkustofnun vísar, samkvæmt ofansögðu, á bug þeirri fullyrðingu Orkubús Vestjarðar að félagið *reki hitaveitu á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, í því skyni að veita jarðhitaorku til byggðar í grenndinni gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Orkubúsins.*

4. Um auðlindanýtingu

Orkustofnun bendir á að nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi Orkustofnunar, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 með síðari breytingum, hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögnum. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefíð rannsóknarleyfi. Engu slíku leyfi er til að dreifa. Þratt fyrir ákvæði 6. gr. laganna er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands að teknu tilliti til þeirrar nýtingar sem fyrir er og eftir atvikum forgangsréttar sveitarfélagsins sbr. 13. gr. laganna.

5. Um forgangsrétt sveitarfélaga, umhverfissjónarmið og hagkvæmni nýtingarinna

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélagini, sbr. 13. gr. auðlindalaga. Engin hitaveita er rekin á vegum sveitarfélagsins í Reykjanesi. Samkvæmt lögum um Orkubú Vestfjarða er gert ráð fyrir að Orkubúið hefði forgang að einkaleyfum, en ekki Súðavíkurhreppur, sbr. 13. gr. auðlindalaga. Ákvæðið á við um nýja hitaveitu utan þess nýtingarsvæðis sem leyfisveiting þessi tekur til. Þó svo Ísafjarðarbær sé sveitarfélag, þá er það í þessu máli, landeigandi í Súðavíkurhreppi, en ekki sveitarfélag í merkingu 13. gr. auðlindalaga. Nýtingarsvæði Rnes ehf. er á svæði merktu ferðaþjónustu og iðnaði í aðalskipulagi Súðavíkurhrepps. Tilgangur leyfishafa er að reka hitaveitu fyrir skipulagða ferðaþjónustu og eftir atvikum að miðla jarðhita til annarra aðila á Reykjanesi við Djúp meðan þar er ekki rekin hitaveita í almannaeigu sbr. 13. gr. auðlindalaga.

Við veitingu nýtingarleyfa skal Orkustofnun gæta þess að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni, sbr. 17. gr. auðlindalaga. Engin önnur nýting er til staðar. Það eru og almannahagsmunir að tryggja jarðhita vegna þarfa lögmætrar atvinnustarfsemi eins og ferðaþjónustu og saltvinnslu á Reykjanesi, þar sem áður var rekið skólastetur um árabil á vegum sveitarfélaganna við Djúp frá árinu 1937. Hvorki Umhverfisstofnun né Náttúrufræðistofnun leggjast gegn leyfisveitingunni. Leyfisveitingin er forsenda áframhaldandi reksturs ferðaþjónustunnar og hún er í samræmi við 17. gr. auðlindalaga, að teknu tillit til ákvæða 13. gr. um forgang sveitarfélagsins.

6. Nýtingarmagn og nýtingarsvæðið

Hver er undir og við byggingu gamla héraðsskólans, nú Hótelsins að Reykjanesi er nýttur til jarðvarmaöflunar, en einnig var ætlun leyfishafa, eins og verið hefur undanfarin ár, að nýta borholu RN-01 (auðkennisnúmer 39711) en hún var boruð árið 1984 fyrir Íslax hf. skv. borholuskrá Orkustofnunar, nú eign Orkubús Vestfjarða samkvæmt afsali frá Byggðastofnun. Holan var svo dýpuð árið 1987 og gefur um 10 l/s af 98°C heitu vatni í sjálffrennsli. Umsækjandi sækir um 9,01 l/s meðalnýtingu á ársgrundvelli og 12 l/s hámarksnýtingu, sem er í samræmi við áætlun Orkustofnunar um orkuþörf svæðisins, sbr. fylgibréf með umsókn. Meðalnýtingin sem sótt er um er því minni en það sem holan gefur í sjálffrennsli og einnig í samræmi við áætlaða orkuþörf.

7. Um endurgjald fyrir auðlindina

Ísafjarðarbær vísar til þess í umsögn sinni að hafa aflað sér viðbótarupplýsinga hjá umsækjanda beint, án milligöngu Orkustofnunar. Af þeim samskiptum megi ráða *að umsækjandi telji sig ekki þurfa að greiða endurgjald fyrir auðlindina, sbr. 7. gr. auðlindalaga.*

Við rannsókn Orkustofnunar á fyrirliggjandi gögnum málsins, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga, liggur fyrir afsal Ísafjarðarkaupstaðar (nú Ísafjarðarbæjar) á jarðhita eftir þörfum til héraðsskólans í Reykjanesi árið 1937, þ.e. fyrir gildistöku laga 98/1940. Afsal jarðhitaréttindanna var þá lögmætt. Með samningi Ísafjarðarbæjar við Íslax hf. frá 1988 var gert ráð fyrir að samið yrði um endurgjald fyrir auðlindanýtingu fiskeldisstöðvarinnar. Það virðist ekki hafa verið gert. Ekkert endurgjald fyrir auðlindina hefur verið innheimt, ef frá er talin tilraun Orkubús Vestfjarða árið 2018.

Hvort fyrrum jarðhitaréttindi Héraðsskólans hafi fallið til Ísafjarðarbæjar, sbr. 5. tl. afsalsins frá 1937, þegar skólinn var aflagður árið 1991, skal ósagt látið. Hins vegar bendir Orkustofnun á að samkvæmt 2. gr. grunnleigusamnings Ísafjarðarbæjar og Rnes ehf. dags. 10. júní 2002, er lóðin leigð m.a. með *þeim réttindum sem lóðinni fylgir*. Með samningnum eru skv. 5. gr. hans allir eldri samningar um lóðina felldir úr gildi, þinglýstir sem óþinglýstir. Orkustofnun bendir á þá meginreglu íslensks réttar um aldir að jarðeignum fylgi hlunnindi jarða nema annað leiði af lögum og/eða samningum, sbr. 48. kafli landbrigðaþáttar Grágásar, réttarreglurnar um það hvernig með skuli fara, réttindi landeigenda eða ábúenda til nýtingar lands og hlunninda tengda jörðum. Í nágildandi rétti má einnig benda á ákvæði ábúðalaga nr. 80/2004, sem kveður á um að ábúandi skuli hafa öll leiguliðaafnot ábúðarjarðar sinnar sbr. 10. gr. Enda þótt löginn undanskilji leiguliðaafnotin vatns- og jarðhitaréttindi, á ábúandi þó rétt á jarðhita til upphitunar á mannvirkjum jarðar, þ.m.t. til eigin atvinnurekstrar, sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna. Hafi vilji landeiganda, að Reykjanesi, Ísafjarðarbæ, staðið til þess að aðskilja jarðhitinanotin lóðaleigunni, sem er forsenda starfseminnar, eða innheimta sérstaklega endurgjald fyrir jarðhitann umfram lóðaleigu, bar honum að geta þess sérstaklega í grunnleigusamningum. Það var ekki gert. Engin tilraun virðist hafa verið gerð af Orkubúi Vestfjarða til inngrípa í málið sem *aðili máls* samkvæmt afsali Ísafjarðarbæjar til Orkubús Vestfjarða frá 1978, enda færi það gegn ákvæði 2. gr. 6. gr. laga nr. 66/1976 um Orkubúið. Það var ekki heldur gert. Þvert á móti var lóðin leigð með réttindum sem lóðinni fylgja. Það er því málsástæða Orkustofnunar að fyrir liggi samkomulag landeigenda til 10. júní 2029, um endurgjald fyrir jarðhitinanýtinguna.

Orkustofnun bendir á að engar greiðslur, né tilraunir til innheirntu greiðsla fyrir jarðhita á Reykjanesi hafa verið gerðar um árabil, hvorki af Ísafjarðarbæ né Orkubúi Vestfjarða, né um þær samið af þar til bærum aðilum. Þvert á móti benda öll gögn málsins til þess að Rnes ehf. eigi dreifikerfi hitaveitunnar og hafi sjálft rekið hitaveitu á Reykjanesi, án endurgjalds fyrir jarðhita og að félagini hafi verið það heimilt, að mati Orkustofnunar.

8. Um réttmætar væntingar leyfishafa

Það er málsástæða Orkustofnunar sú grundvallarregla stjórnsýsluréttarins, að leyfishafi megi hafa *réttmætar væntingar* til nýtingarleyfis á umræddu svæði í ljósi jarðhitinanýtingar þar á hinu skipulagða ferðaþjónustu- og iðnaðarsvæði, og sú staðreynd að jarðhiti hefur verið nýttur í þágu starfsemi á staðnum frá árinu 1937. Þessar réttmætu væntingar eru einnig studdar þeiri málsástæðu að jarðhitinn sé og hafi verið forsenda fyrir kaupum á mannvirkjum að Reykjanesi vegna ferðaþjónustu.

9. Um eftirlit með auðlindanýtingu

Orkustofnun hefur, samkvæmt 21. gr. auðlindalaga, eftirlit með framkvæmd leyfisins, sbr. 7. gr. þess. Markmið eftirlits Orkustofnunar er að nægileg þekking á rannsóknum og vinnslu auðlinda sé til staðar til að tryggja að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið, sbr. 25. gr. auðlindalaga. Fylgi leyfishafi ekki skilmálum leyfisins s.s um hámark nýtingar eða sýnt er fram á að nýting hafi skaðleg

áhrif á auðlindina getur Orkustofnun afturkallað leyfið sbr. m.a. 12. gr. þess. Þá er í leyfinu um heimild um endurskoðun leyfisins í 3. gr. þess.

10. Tillit til umhverfissjónarmiða og þjóðhagslegar hagkvæmni

Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt, samkvæmt 17. gr. auðlindalaganna, að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Telji Orkustofnun að umsækjandi um nýtingarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur stofnunin synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni. Að mati Orkustofnunar varðar umsókn Rnes ehf. ákvörðun um mikilvæga atvinnustarfsemi, ferðaþjónustu, í Súðavíkurhreppi við Ísafjarðardjúp, þar sem leyfishafi hefur yfirtekið eignir og mannvirkir sveitarfélaganna við Djúp fyrir starfsemi sína, þar sem áður var m.a. skólastarfsemi. Engin önnur nýting jarðhita á Reykjanesi á sér þar stað síðan fiskeldi lauk, önnur en saltverksmiðja, sem hefur fengið vatn frá leyfishafa, Rnes ehf. vegna starfsemi sinnar. Sú nýting skerðist ekki með leyfi þessu.

Orkustofnun ítrekar að Orkubú Vestfjarðar hefur hvorki nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi, rekur þar ekki hitaveitu og hefur ekki sérleyfi til að reka þar hitaveitu, þó svo komi í ljós, eftir atvikum síðar, að jarðhitaréttindin væri í eigu Orkubúsins en ekki Ísafjarðarbæjar. Umræddar deilur þessara aðila eru alls óháðar leyfisveitingu Orkustofnunar sem er lögmæt, með vísan til 6. gr. auðlindalaga.

11. Um lögmæti Orkustofnunar

Ákvörðun Orkustofnunar í máli þessu er lögmæt takmörkun á eignarrétti landeiganda sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, m.a. í þágu atvinnuuppbryggingar við Ísafjarðardjúp og um leið er gætt almanna- og öryggishagsmunu með því að stuðla að byggð í dreifbýli við Djúpveg milli Hólmavíkur og Súðavíkur og til að tryggja lögmætum eiganda jarðhitaréttindanna endurgjald fyrir auðlindanýtinguna frá árinu 2029 að telja, í samræmi við 7. gr. auðlindalaga, auðlindanýtingu sem í þá tæpa öld byggði á endurgaldslausu samkomulagi landeigenda í Reykjanesi, fyrst við sveitarfélögini við Djúp og síðar við leyfishafa o.fl.

Þótt Orkustofnun sé heimilt samkvæmt ákvæðum auðlindalaga að ráðstafa nýtingarleyfi á jarðhita og takmarka þar með með rétt landeigenda, ítrekar stofnunin að landeiganda er heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsþarfa, þar með talið til ylräktar, iðnaðar og iðju, allt að 3,5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu alls innan eignarlands. Ákvörðun Orkustofnunar, nýtingarleyfið, felur í sér samkvæmt 3. mgr. 6. gr. auðlindalaga heimild til handa leyfishafa til að vinna og nýta 97°C heitt vatn, 9,01 l/s meðalnýtingu á ársgrundvelli og 12 l/s hámarksnýtingu, í samræmi við áætlun Orkustofnunar um orkubörf á sveðinu úr viðkomandi auðlind á leyfistímanum og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í auðlindalögum og Orkustofnun telur, sbr. einnig náttúruverndarlög, skipulagslög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

Orkustofnun bendir á að leyfishafi þurfi tilskilin leyfi frá Súðavíkurhreppi, varðandi byggingar og framkvæmdir, leyfi til jarðborana í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, ásamt starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Vestfjarða auk þeirrar ákvörðunar Orkustofnunar sem hér um ræðir.

Niðurlag

Orkustofnun hefur farið yfir þær umsagnir sem stofnuninni bárust sem og gögn þeim tengd og fram komu í umsókn Rnes ehf. og reifað málsástæður sínar og lagarök. Það er mat Orkustofnunar, eins og

rakið hefur verið hér að framan, að það samræmast þeim markmiðum auðlindalaga að teknu tillit til umhverfissjónarmiða, að nýting leyfishafa, Rnes ehf. sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði til að tryggja nauðsynlegan aðgang að jarðhita vegna þarfa atvinnutengdrar ferðahjónustu á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, einnig að teknu tilliti til mögulegrar nýtingar leyfishafa sem ætla má að geti hafist í næsta nágrenni við nýtingarsvæðið.

Um er að ræða heimild til nýtingar, ekki framkvæmda, á jarðhita á tilteknu afmörkuðu svæði á leyfistímanum. Leyfishafi skal samkvæmt leyfi sínu fylgja þeim skilmálum sem tilgreindir eru í leyfinu og einnig náttúruverndarlögum, skipulagslögum og öðrum lögum sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

Gætt var rannsóknarskyldu 10. gr. stjórnsýslulaga þannig að málid var nægjanlega upplýst fyrir ákvörðun Orkustofnunar sem m.a. ræður yfir fagþekkingu á svíði jarðhita og fer með eftirlit auðlindarinnar í samræmi við lög um Orkustofnun nr. 87/2003 og lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, auðlindalög. Leyfisveiting var lögmæt í samræmi við 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998.

Óskað er eftir nýtingarleyfi til 50 ára. Samkvæmt 3. gr. a, auðlindalaga er heimilt að veita ríki, sveitarfélögum og félögum í þeirra eigu þeirra tímabundið afnotarétt að réttindum til allt að 65 ára í senn. Súðavíkurhreppur gerir ekki athugasemdir við umsóknina. Það er mat Orkustofnunar, með tilliti til afskrifta fjárfestinga og aðgæslusjónarmiða varðandi auðlindina, og að gættu jafnræði við leyfisveitingar, að veita megi umbeðið leyfi til 40 ára, nema að forsendur leyfisveitingar hafi breyst og sýnt sé fram á að óbreytt nýting hafi skaðleg áhrif á auðlindina eða nærliggjandi grunnvatn.

Samkvæmt 7. gr. auðlindalaga, er skýrt kveðið á um, að samningar skuli nást við landeigendur um endurgjald fyrir auðlind eða aflað sé heimildar til eignarnáms, áður en vinnsla í eignarlandi hefjist. Vinnsla hefur verið stunduð að Reykjanesi um árabil, m.a á vegum leyfishafa, án endurgjalds. Með vísan til þess og þess sem að ofan sagði, er það ákvörðun Orkustofnunar að samkomulag liggi fyrir um endurgjald fyrir auðlindina meðan grunnlóðaleigusamningur leyfishafa og Ísafjarðarbæjar, gildir, sbr. 2. gr. samningsins, þ.e. til 10. júní 2029. Skilyrði 7. gr. auðlindalaga er þá uppfyllt þangað til, en samningar skulu nást við landeigendur um endurgjald fyrir auðlindina eftir þann tíma.

Orkustofnun ítrekar, að með nýtingarleyfi þessu er einungis verið að staðfesta heimild umsóknaraðila til að nýta jarðhita í tilteknu magni vegna þarfa fyrir hitaveitu í Reykjanesi, að virtum forgangsrétti sveitarfélagsins og eignarrétti landeiganda að í landi Reykjaness við Ísafjarðardjúp, með þeim takmörkunum sem felst í nýtingarleyfinu. Orkustofnun tekur undir með Umhverfisstofnun sem segir í umsögn sinni að *vatnstakan verði með sama hætti og tíðkast hefur um nokkurn tíma. Notendur verði sömu og til þessa og mun nýtingarleyfið ekki kalla á frekari framkvæmdir*. Gert er ráð fyrir að hola RN-01, verði nýtt, en mannvirkið er eign Orkubús Vestfjarða og er ónýtt til orkuöflunar sem stendur.

Hvorki Sveitarfélagið Súðavíkurhreppur né Umhverfisstofnun eða Náttúrufræðistofnun Íslands mæla gegn leyfisveitingu í umsögnum sínum. Um vernd nýtingarsvæðis gilda, auk laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög um náttúruvernd nr. 60/2013, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem og önnur lög sem varða nýtingu lands. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgengi sinni um nýtingarsvæðið og skal leitast við að mannvirkir verði lögð á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins.

Orkustofnun bendir á að umsækjandi þurfi tilskilin leyfi frá Súðavíkurhreppi, varðandi byggingar og framkvæmdir, ásamt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða auk þess nýtingarleyfis sem hér um ræðir.

Með vísan til framanritaðs, og í samræmi við IV. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, gefur Orkustofnun út í dag, nýtingarleyfi til handa Rnes ehf. að vinna og nýta heitt vatn um 97°C, 9,01 l/s meðalnýtingu á ársgrundvelli og 12 l/s hámarksnýtingu, í samræmi við áætlun Orkustofnunar um orkuþörf svæðisins á nýtingarsvæði í landi Ísafjarðarbæjar í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, í Súðavíkurhreppi..

Gjald vegna veitingar nýtingarleyfis þessa er kr. 41.500., sbr. 34. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Nýtingarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.

Samkvæmt 33. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu sæta ákværðanir Orkustofnunar, er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun rannsóknar- eða nýtingarleyfa samkvæmt lögnum, kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.

Stjórnvaldsákværðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kæru til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð kæru til ráðherra fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.



Skúli Thoroddsen

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



María Guðmundsdóttir

Afrit sent með tölvubréfi til:

Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Orkubús Vestfjarða ohf.

Fylgiskjöl: Leyfi